

Reglur um refa- og minkaveiðar í Vopnafjarðarhreppi

Almennt

1.gr. Reglur

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan sveitarfélagsmarka Vopnafjarðarhrepps. Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Einkum reglugerð nr. 437/1995 um refa- og minkaveiðar með breytingarreglugerðum 207/1997 og 879/2014.

Refaveiði

Vopnafjarðarhreppur gerir samning við veiðimenn um grenjaleit og vetrarveiði á ref. Einnig er sveitarfélaginu heimilt að greiða tímakaup fyrir grenjaleit við sérstakar aðstæður. Veiðimönnum er skylt að skila skýrslu um hvar og hvenær dýr eru veidd auk kyns og litar dýrsins.

Vopnafjarðarhreppur greiðir einungis fyrir refaveiðar samkvæmt skriflegun samningi við veiðimenn.

Búnaður

Veiðimaður sem sveitarfélagið gerir samning við, kemur sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaður við refaveiðar skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af.

2.gr. Grenjavinnsla

Veiðisvæði í Vopnafjarðarhreppi skiptast niður í eftirtalin svæði:

- Svæði 1 Tunguheiði, Egilsstaða afréttur, Gnístaðadalur, Smjörvatnsheiði og Svínarbakka fjall að Krossavíkurlöndum.
- Svæði 2 Böðvars-, Fagradals- og Eyvindarstaðafréttir, ásamt Vindfells og Krossavíkurlöndum
- Svæði 3 Hraunfellspartur, þ.e. stykki milli Hofsaár, Sunnudalsár og Tunguár. Sandfell að norðan fylgir þessu svæði.
- Svæði 4 Stykki milli Hofsaár og Vesturdalsár að Langadalsá, ásamt samliggjandi landi vestan Arnarvatns að Selá.
- Svæði 5 Mælifellsheiði frá Hrúta að Almenningsá og Miðfjarðarárdrög.
- Svæði 6 Hauksstaðaheiði frá Hlíðarfellsgróf út að Grasalæk, allt svæðið milli Vesturdalsár og Selár.
- Svæði 7 Viðfell og Núpur.
- Svæði 8 Hróaldsstaðaland og Sandvíkurheiði framan við Fuglu.
- Svæði 9 Strandhafnarland.

3.gr. Grenjaveiði

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til grenjavinnslu á tímabilinu 1.maí til 31.júli ár hvert. (grenjatími skv.5.gr reglugerðar 437/1995 um refa- og minkaveiðar). Vopnafjarðarhreppur greiðir þeim þóknun fyrir veidd dýr. Einungis veiðimönnum sem eru með samning við Vopnafjarðarhrepp er heimilt að veiða á grenjatímabilinu. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. Skal viðkomandi tilkynna fulltrúa sveitarfélagsins um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Greitt er fyrir slíka veiði skv. ákvörðun sveitarstjórnar.

4.gr. Leit

Við grenjaleit er ætlast til að farið sé á grenstæði sem einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið. Veiðimanni ber að leita í öllum grenjum á sínu svæði sem gps hnit ná yfir. Veiðimaður skal skila gps-ferlum til þess að fá leitarpening greiddan. Veiðimanni ber að skila leitarskýrslu þar sem fram kemur í hvaða grenjum tófa var og hversu mörg dýr eru unnin í hverju greni, skilgreina þarf hvort veitt dýr sé hvolpur eða fullorðið dýr.

5.gr. Skrá

Veiðimenn skulu halda skrá (nafn grenis og GPS skráningu) yfir þekkt greni í sveitarfélaginu og önnur gögn er lúta að grenjaleit og uppfæra þau ef ný greni finnast. Skrá um greni á að afhenda sveitarfélaginu sem varðveitir upplýsingarnar. Veiðimaður skal koma upplýsingum um unnin, heimsótt og fundin greni til sveitarfélagsins. Þegar veiðimaður lætur af störfum fyrir Vopnafjarðarhrepp skal hann afhenda sveitarfélaginu skrána.

Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaská yfir viðkomandi veiðisvæði.

6.gr Vetrarveiði

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til vetrarveiða á tímabilinu 1.ágúst til 30. apríl ár hvert. Veiðar úr ökutækjum eru bannað skv. lögum.

Vopnafjarðarhreppur greiðir þeim þóknun fyrir hvert unnið dýr:

- Refir kr. 10.000 á dýr

7.gr. Útburður ætis

Vanda skal til verka við útburð ætis. Leitast skal við að hafa hæfilega vegalengd á milli staða sem borið er út á.

8.gr Staðsetning og frágangur ætis

Ætlast er til að staðsetning og frágangur ætis valdi útivistarfólki og öðrum sem um landið fara sem minnstum ama, jafnframt skal staðsetningin vera í samráði við fulltrúa Vopnafjarðarhrepps auk þess sem samþykki landeiganda og MAST þarf að liggja fyrir. Fjarlægja skal æti og leifar þess um leið og hætt er að stunda veiðina.

9.gr. Samráð við aðra veiðimenn

Veiðimaður skal hafa samráð við aðra veiðimenn og landeigendur þegar borið er út æti. Veiðar úr ökutækjum eru bannaðar skv. lögum.

Minkaveiðar.

Vopnafjarðarhreppur ræður veiðimenn með minkahunda til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu. Skulu þeir að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní og vera til reiðu ef vandamál koma upp.

Vopnafjarðarhreppur greiðir einungis fyrir minkaveiðar samkvæmt skriflegum samningi við veiðimenn.

10.gr. Veiðisvæði minka

Veiðisvæðum í Vopnafjarðarhreppi vegna minkaveiði er skipt í eftirtalin svæði:

- Selá, Vesturdalsá og Strönd
- Frá Þverá að Sunnudalsárbrú
- Hofsdalur: Frá Felli inn að Fossi, Nykurvatn og Þuríðarvatn.
- Hofsdalur: Frá Þverá og Felli út með firði að Dalsá.
- Sunnudalur: Frá Sunnudalsbrú inn Sunnudal.

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé á varplöndum og við veiðiár. Einnig leitað með sjó svo sem kostur er. Veiðimenn skulu vera vel tækum búnir til veiðanna.

11.gr. Gildrueiðar

Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi sem minnst hætta af. Ef fótbogar og dauðagildir eru notaðar skal búa þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt. Sveitarfélagið endurnýjar allt að 5 minkagildir á ári fyrir veiðimenn.

12.gr. Veiðar

Sveitarfélaginu er heimilt að ráða veiðimenn til minkaveiða á tímagjaldi við sérstakar aðstæður. Greiða skal slíkum veiðimanni tímakaup á hverja unna klukkustund og kílómetragjald.

13.gr. Minkabæli

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljótist af. Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

14.gr. Veiðikort

Þeir einir fá greidd skotlaun sem hafa gilt veiðikort.

Skil á skýrslum og greiðslur

15.gr. Skil á skýrslum og greiðslur

Skottum af unnum dýrum ber að skila í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins ásamt fylgigögnum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá Umhverfisstofnun. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og við hvaða greni var leitað. Greiðslur fara ekki fram fyrir en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Veiðimanni ber að skila sundurliðuðum reikningi til fjármálastjóra vegna veiðanna.

Greiðslur fyrir veidd dýr eru samkvæmt samningi sem gerður er við veiðimenn. Leitast er við að hafa samræmi á milli sveitarfélaga.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 24.6.2021.